



Dalvíkurbyggð
María Markúsdóttir
Ráðhúsi
620 DALVÍK

Garðabær, 23.7.2025
Málsnúmer: 202506-0051
LA

Efni: Árskógsvirkjun í Þorvaldsdal. Tillögu á vinnslustigi fyrir aðalskipulagsbreytingar og nýtt deiliskipulag.

Vísað er í tvö erindi frá Dalvíkurbyggð í gegnum Skipulagsgátt, dags. 25. júní 2025, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um tillögu á vinnslustigi um aðalskipulagsbreytingar og nýtt deiliskipulag vegna fyrirhugaðra framkvæmda á 5 MW vatnsaflsvirkjun, Árskógsvirkjun, sem Árskógsvirkjun ehf. hyggst reisa í Þorvaldsdal í Dalvíkurbyggð. Báðum þessum erindum er svarað með þessari umsögn.

Nýtt deiliskipulag tekur yfir um 58 ha svæðis sem liggur um 5 km upp með dalnum austan við Þorvaldsdalsá frá Valholti að Grund. Deiliskipulagið tekur til þeirra framkvæmda sem bygging vatnsaflsvirkjunar gerir ráð fyrir s.s. stíflu, aðrennslispípu, stöðvarhús, þjónustuvegi og efnistökusvæði. Gerð er grein fyrir umhverfisáhrifum áætlunarinnar og mótvægisáðgerðum vegna framkvæmdarinnar.

Samhliða nýju deiliskipulagi er breyting gerð á Aðalskipulagi Dalvíkurbyggðar 2008-2020 þar sem skilgreint er nýtt iðnaðarsvæði og ný efnistökusvæði auk þess sem vegtenging er skilgreind að stíflusvæði.

Náttúrufræðistofnun hefur áður veitt umsagnir vegna fyrirhugaðrar Árskógsvirkjunar og hefur kynnt sér tillögu á vinnslustigi vegna aðalskipulagsbreytinga og nýtt deiliskipulag.

Þorvaldsdalur er innan svæðis á náttúruminjaskrá sem nefnist Fjalllendið á milli Skagafjarðar og Eyjafjarðar (nr. 423/501), og er á skrá aðallega vegna landslags og landforma. Þá er Þorvaldsdalur hverfisverndarsvæði vegna landforma við Kotahóla, Brattavallahóla, Hrafnagilshrauns og Kúgilsvatns.

Þorvaldsdalur er lítt raskaður og vel gróinn dalur. Hann er fallega mótaður af ísaldarjökklum og þar má sjá fjölbreytt landform s.s. berghlaup, framhlaupsurðir, aurkeilur, jökulgarða, jökulurðir o.fl. Í dalnum eru vistgerðir með hátt verndargildi og innan svæðisins vex friðuð plöntutegund, heiðastör.

Unnið er að mati á umhverfisáhrifum vegna Árskógsvirkjunar, en álit Skipulagsstofnunar um matsáætlun var birt 8. maí 2024. Þar stendur:

“Telur stofnunin að í umhverfismatsskýrslu þurfi m.a. að gera grein fyrir heildarraski á landi og raski á vistgerðum með hátt verndargildi, birta vistgerðakort sem sýnir legu votlendis yfir 2 ha m.t.t. rasksvæðis og meta áhrif á sjaldgæfar plöntutegundir og bakkagróður. Einnig þarf að meta rofhættu við inntakslón og leggja til mótvægisáðgerðir eða vöktun, ef þörf krefur. Jafnframt þarf að gera grein fyrir því hvernig staðið verður að frágangi allra raskaðra svæða í verklok.”



Framkvæmdir vegna Árskógsvirkjunar munu valda raski á náttúruminum í Þorvaldsdal og hafa ber í huga að verndargildi dalsins snýst að miklu leiti um landslag og landslagsform. Því er mikilvægt að gerð sé vel grein fyrir landslags- og ásýndarbreytingum, ásamt frágangi á röskuðu svæði.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir á þessu stigi.

Virðingarfyllt,

Lovísa Ásbjörnsdóttir

jarðfræðingur